



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Dans- og fimleikahús í Breiðholti

Fyrir liggur ósk Íþróttafélagsins Leiknis dags. 19. október 2020, um að félagið taki að sér rekstur fyrirhugaðs dans- og fimleikahúss í Efra-Breiðholti.

Í umsögn ÍBR um málið frá 23. febrúar 2021 kemur fram að bandalagið telur ekki ástæðu til að Leiknir reki fimleikahús í Breiðholti þar sem félagið sé ekki með fimleikadeild, en að ÍR sé með fimleikadeild.


Í nýjum tillögum um hverfaskipulag í Breiðholti er nú gerð tillaga um að byggt verði danshús við Gerðuberg og að horfið verði frá hugmyndum um fimleikahús.

Varðandi danshús er bent á í tillögum um hverfiskipulag að haft verði samstarf og samráð við þá sem reka dansskóla.

Í samningi Reykjavíkurborgar og ÍR frá 2017 er ákvæði um að fimleikahús rísi í Breiðholti.

Í ljósi þessara nýju hugmynda er lagt til að teknar verði upp viðræður við ÍR um málefni fimleika í Breiðholti.

Í því sambandi er vísað í umsögn ÍBR um fimleika o.fl. í austurhluta borgarinnar.


Omar Einarsson.